

Nd. **404. Frumvarp til laga** [179. mál]
um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Með lögum nr. 42 24. nóv. 1893 var Vogavík á Vatnsleysuströnd gerð að löggiltum verzlunarstað, en þar sem hér er um litla vík að ræða og byggðin í Vogum hefur aukizt verulega á síðari árum og langt út fyrir vikina, ber nauðsyn til, að hinn löggilti verzlunarstaður sé stækkaður eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.